

# Samningur

## mennta- og menningarmálaráðuneytis við Þórbergssetur um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Þórbergssetur, kt. 601003-2870, í samningi þessum nefnt Þórbergssetur, gera með sér svofelldan samning.

### 1. Markmið og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að:

- efla rannsóknir og umfjöllun um ævi, störf og ritverk Þórbergs Þórðarsonar rithöfundar frá Hala í Suðursveit,
- efla fræðastörf sem tengjast söfnun, varðveislu og skráningu menningarminja í Suðursveit og síðar Austur-Skaftafellssýslu,
- miðla þekkingu á fjölbreyttan hátt og standa að fræðslu ferðamanna og almennings um Þórberg Þórðarson, sögu og mannlíf í Austur-Skaftafellssýslu.

### 1.2. Starfsemi

- Þórbergssetur skal hafa húsnæði setursins að Hala í Suðursveit opið fyrir almenningi, veita gestum leiðsögn og standa fyrir sýningum og viðburðum er varða Þórberg Þórðarson og ritverk hans, sögu staðarins, bókmenntir, menningarminjar, listir og aðra þætti íslenskrar menningar. Stefnt skal að því að halda minnst 6 sýningar og aðra menningar- og listviðburði ár hvert.
- Þórbergssetur hyggst efla fræðastarf er tengist verkum Þórbergs Þórðarsonar með samstarfssamningi við Hugvísindasvið Háskóla Íslands og Rithöfundasamband Íslands. Þórbergssetur býður fræðimönnum til dvalar í fræðaíbúð í Suðursveit að vetrarlagi.  
Leitast verður við að efna til lifandi umræðu um höfundinn og skoða verk hans í stöðugt nýju ljósi breyttra tíma.
- Þórbergssetur skal halda úti vefsíðu sem birtir upplýsingar um starfsemi setursins, Þórberg Þórðarson og ritverk hans, sögu staðarins og menningarlíf í Suðursveit og Austur-Skaftafellssýslu. Jafnframt skal setrið hafa kynningarefni og upplýsingar á staðnum um staðinn og rithöfundinn.
- Þórbergssetur skal sýna frumkvæði á verksviði sínu og stuðla að samstarfs- og rannsóknarverkefnum um sögu og menningarlíf á sínu starfssvæði með sérstakri áherslu á íslenskar bókmenntir og fræðslu fyrir nemendur á öllum skólastigum sem og almenning

ÞA | AW

## **2. Forsendur samnings og lagaheimildir**

- 2.1. Framlag ríkisins til samnings þessa er ákveðið í fjárlögum hvers árs og er það 10 m.kr. árið 2016.
- 2.2. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna samningsins við fjármálaráðuneyti, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins, og við Alþingi. Það mun leggja til við fjárlagagerð að árlegt framlag til samningsins út samningstímamann verði í samræmi við gr. 2.1. með fyrirvara um að Þórbergsssetur standi við skuldbindingar sínar. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Þórbergsssetur ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður.
- 2.3. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins í fjárlögum taka aðilar upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttri fjárveitingu.
- 2.4. Þórbergsssetur starfar samkvæmt skipulagsskrá sem var samþykkt 15. september 2003.
- 2.5. Þórbergsssetur starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.

## **3. Ábyrgð**

- 3.1. Þórbergsssetur ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Þórbergsssetur skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. Þórbergsssetur ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.3. Þórbergsssetur er óheimilt að:
  - 3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
  - 3.3.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

## **4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála**

- 4.1. Ráðuneytið greiðir árlegt framlag í fjórum hlutum, 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. október. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka Þórbergssseturs.
- 4.2. Þórbergsssetur skilar ráðuneytinu:
  - 4.2.1. Áætlun um rekstur og sjóðsstreymi ásamt starfsáætlun, þar sem fram komi m.a. hvernig er áætlað að ráðstafa framlaginu og helstu starfsmarkmið sem unnið verður að fyrir lok janúar ár hvert.
  - 4.2.2. Endurskoðuðum ársreikningi ársins á undan með skýringum, fyrir lok júní ár hvert og skal afrit jafnframt sent Ríkisendurskoðun.
- 4.3. Eigi Þórbergsssetur í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda þess, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

## **5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna**

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Fulltrúar ráðuneytis og Þórbergssseturs funda að lágmarki árlega um samninginn.

- 5.3. Fyrir lok júní ár hvert skilar Þórbergssetur ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins þar sem fram komi meðal annars hver staða verkefna er og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun.
- 5.4. Þórbergssetur skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 5.5. Þórbergssetur veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.
- 5.6. Samning þennan, ársreikning Þórbergssseturs, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef Þórbergssseturs jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 5.7. Þórbergssetur setur á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir starfsemi hans, svo sem skýrslur, leiðbeiningar og áætlanir.


## 6. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 6.1. Þórbergssetur tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef talinn er vafi leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt er greint frá úrræðum sem það hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli Þórbergssetur ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2018.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor samningsaðila að semja um áframhald eftir að gildistími samningsins lýkur skal hann koma því á framfæri fyrir lok febrúar það ár sem samningurinn rennur út.
- 7.4. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara
- 7.5. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík 29. október 2015

  
F.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis

  
F.h. Þórbergssseturs